

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1556****2020/EES/50/43****frá 11. júní 2015**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir bráðabirgðameðferð áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærnisröfufur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 495. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta undanþegið frá innramatsaðferðinni tiltekna flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa, sem stofnanir og dótturfyrirtæki stofnana í Evrópusambandinu í því aðildarríki áttu 31. desember 2007.
- 2) Mæla skal fyrir um þessi skilyrði með samræmdum hætti til þess að þau hafi ekki óhófleg, neikvæð áhrif á snurðulausa umbreytingu á landslögum frá því fyrirkomulagi sem komið var á með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB ⁽²⁾, einkum 6. mgr. 154. gr. hennar, yfir í það fyrirkomulag sem komið er á með reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Þegar skilyrðin eru tilgreind ætti að taka tilhlýðilegt tillit, að því marki sem mögulegt er, til lögmætra væntinga stofnananna sem var veitt undanþága samkvæmt fyrra fyrirkomulaginu sem gildi til 31. desember 2013. Því ættu lögbær yfirvöld að geta veitt þeim stofnunum undanþágu. Öðrum stofnunum ætti ekki að veita þessa undanþágu.
- 4) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitu hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽³⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Lögbær yfirvöld geta aðeins veitt stofnunum og dótturfyrirtækjum stofnana í Evrópusambandinu undanþágu frá innramatsaðferðinni sem um getur í 1. mgr. 495. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar þá flokka áhættuskuldbindinga þeirra sem nutu þegar undanþágu frá innramatsaðferðinni 31. desember 2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 244, 19.9.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
